

**Nd.**

**473. Framvörp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

I.

*Um tekjuskatt.*

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í rikissjóð af tekjum sinum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sje sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafje í innlendu hlutafjelagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Tekjuskatt greiða enn fremur:

- a. Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.
- b. Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
- c. Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 fjelagar í verslunarfjlagi eða öðru atvinnufjlagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slik fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í rikissjóð af tekjum þessum.

#### 4. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, rikissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparissjóðir, sem engan að greiða stofnendum sinum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökuum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

#### 5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar annara rikja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr rikissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun inulendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er um konsúla annara rikja, sem ekki eru islenskir þegnar, svo og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

#### 6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Frá	1000 kr. til	2000	greiðist	10 kr. af	1000 kr. og	2% af afgangi.
—	2000	—	3000	—	2000	—
—	3000	—	4000	—	3000	—
—	4000	—	5000	—	4000	—
—	5000	—	6000	—	5000	—
—	6000	—	8000	—	6000	—
—	8000	—	10000	—	8000	—
—	10000	—	15000	—	10000	—
—	15000	—	20000	—	15000	—
—	20000	—	30000	—	20000	—

Frá 30000 kr. til	40000	greiðist	2560 kr. af	30000 kr. og	12% af afgangi.
— 40000 — —	50000	—	3760 — —	40000 — —	13 — —
— 50000 — —	75000	—	5060 — —	50000 — —	14 — —
— 75000 — —	100000	—	8560 — —	75000 — —	15 — —
— 100000 — —	150000	—	12310 — —	100000 — —	16 — —
— 150000 — —	200000	—	20310 — —	150000 — —	17 — —
— 200000 — —	300000	—	28810 — —	200000 — —	18 — —
— 300000 — —	400000	—	46810 — —	300000 — —	19 — —
— 400000 — —	500000	—	65810 — —	400000 — —	20 — —
— 500000 — —	600000	—	85810 — —	500000 — —	21 — —
— 600000 — —	700000	—	106810 — —	600000 — —	22 — —
— 700000 — —	800000	—	128810 — —	700000 — —	23 — —
— 800000 — —	900000	—	151810 — —	800000 — —	24 — —
— 900000 — og þar yfir		—	175810 — —	900000 — —	25 — —

#### 7. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutfje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5%	af fyrstu	2% og	10% af afg.
5—	10%	—	8%	— —	5%	— 15% — —
10—	20%	—	11 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> %	— —	10%	— 20% — —
20—	50%	—	15 <sup>3</sup> / <sub>10</sub> %	— —	20%	— 25% — —
50%	og þar yfir	—	21 <sup>3</sup> / <sub>10</sub> %	— —	50%	— 30% — —

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutfjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga, reiknast eftir reglum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

#### 8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

- Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuíðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu visinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.
- Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. b.). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.
- Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar itökum og hlunniðum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skip-

um, er eigandi notar sjálfur. Enn fremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábuð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

- d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.
- e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.
- f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

#### 9. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þar með þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem trygðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelagsmönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það, sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrekstur af atvinnu þeirra.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu talið skattskyldur tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjlagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldur tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

#### 10. gr.

Til tekna telst ekki:

- a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverslun, eða hún falli undir ákvæðin í 8. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölnni til tekna, og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.
- b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

- c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.
- d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

#### 11. gr.

Pegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

- a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rékstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

- b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvila.
- c. Iðgjöld af lifeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lifeyri, iðgjöld af slikum lifeyri eða lifsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lifsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.
- d. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem um ræðir í stafl. a.

Pegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsg. 3. gr.), má að eins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sje, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

#### 12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foreldrahúsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds, ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

### 13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa eigi sjálf efni á að kosta framfæri sitt. Sama er um aðra skylduómaga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafje eða innborguðu stofnlje, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hana miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar, eftir allan lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

### 14. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurlögnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanaksárið. Þegar svo er ástatt, getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

## II.

### Um eignarskatt.

### 15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í rikissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af 5000—	15000 kr.	greiðist	1 <sup>0</sup> / <sub>100</sub>	(af þús.)	af því,	sem er umfram 5000 kr.
— 15000—	20000	—	—	10 kr. af	15000 kr.	og 1,2 <sup>0</sup> / <sub>100</sub> af afganginum.
— 20000—	30000	—	—	16 — -	20000 —	— 1,5 — - —
— 30000—	50000	—	—	31 — -	30000 —	— 2 — - —
— 50000—	100000	—	—	71 — -	50000 —	— 3 — - —

100000— 200000 kr. greiðist	221 kr. af	100000 kr. og 4‰ af afganginum.
200000— 500000 — —	621 — -	200000 — — 5— - —
500000—1000000 — —	2121 — -	500000 — — 6— - —
1000000— og þar yfir —	5121 — -	1000000 — — 7— - —

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum slept.

#### 16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarrjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutfje sitt eða stofnfje frá eignaupphæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða aðeins eignaskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

#### 17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

#### 18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, enn fremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvila á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

#### 19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið :

- Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgunar.
- Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

#### 20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum :

- Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
- Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru váttrygðar.
- Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slik verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

- d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.
- e. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.
- Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurbjörguninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanleg með 100. Þvi, sem fram yfir er, skal slept.

III.

*Um skattanefndir o. fl.*

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun, eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurbjörgunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu, og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurbjörgunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Útan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum, þar sem ekki er sjerstakur bæjarstjóri annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kys skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.



25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanevnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanevnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanevnd og yfirskattanevnd. Skattanevndarmenn og yfirskattanevndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanevnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætíð skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur til að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanevndarmenn og yfirskattanevndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gerðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir bestu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanevnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvörðun skattanevndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanevnd eða í yfirskattanevndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanevndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanevndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanevnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kaupúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig, skal greiða skattanevnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum eins og hann verður í kaupstaðnum eða kaupúninu samkvæmt úrskurði yfir-

skattanefndar, þó þannig, að borgunin fari eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattanefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til yfirskattanefnda greiðist að öllu leyti úr rikissjóði og úrskurðar stjórnarráðið reikninga þeirra. Þóknunin til skattanefnda greiðist að hálfu úr rikissjóði og að hálfu úr sveitar- eða bæjarsjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefndar og greiðir á manntalsþingum það, er rikissjóður skal greiða. Hann skal einnig láta hreppsnefnd eða bæjarstjórn vita nægilega snemma ár hvert, hversu mikið hún skal greiða skattanefnd, enda sje gjald þetta eigi greitt síðar en á manntalsþingi.

#### IV.

##### *Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.*

##### 30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar, sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

##### 31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvilir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda, og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2

reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattaneðndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabryf, vaxtabryf og hlutabryf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattaneðnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fá skattaneðnd eigi fullnægjandi skilriki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund. Dvelji hann utanlands eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo riflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er itrekuð, skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða manslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattaneðndin að visu ekki veitt honum neina linun þess vegna, en hún má taka við umsóku til skattaneðndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattaneðndar, og enn fremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt.

35. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattaneðnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprilmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingsstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattaneðndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

36. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kærú sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprilmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmunum hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kærúna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslit.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

37. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærúnni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærú yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn, og er því máli þar með lokið.

Einnig úrskurðar hún, hvort og að hve miklu leyti taka skuli til greina umsóknir þær, sem henni hafa borist frá skattanefndum, um linum í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, sem getið er í 34. gr.

38. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eltirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni, að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignafamtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinur eða tvítalinur á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykkir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, til birtingar fyrir þeim gjaldendum, sem tekju- eða eignamati hefir verið breytt hjá.

Störfum yfirskattanefndar skal lokið fyrir maímánaðarlok.

39. gr.

Skattanefndir halda gerðabók og rita í hana skattskrár og úrskurði. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað rikissjóðs, og skulu þær löggiltar af lögreglustjóra.

Yfirskattanefndir hafa einnig gerðabók og rita í hana úrskurði sína og ákvarðanir. Þessar gerðabækur löggildir stjórnarráðið.

40. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda. Svo skulu og formenn skattanefnda gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

41. gr.

Stjórnarráðið hefir vakandi auga á því, að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir það rjett til að fá sendar framtalsskýrslur gjaldenda, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

42. gr.

Lögreglustjórar innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

43. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal hver heimilisráðandi inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

V.

*Refsiákvæði.*

44. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, missir hann rjettinn til að kæra yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, nema hann geti sannað, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlaðar af skattanefnd meira en fjórðungi hærrí heldur en þær voru í raun og veru. Sje mismunurinn  $\frac{1}{4}$  eða meira, skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð, að viðbættum  $\frac{1}{4}$ .

Ákvæðum laga þessara um viðurlög fyrir vanrækslu á framtali þarf þó eigi að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sjer til afsökunar.

45. gr.

Nú skýrir maður visvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um alt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri tíma en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiftarjettur eða skiftaforstjóri eru skyldir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum bús, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni þá, er hinn framliðni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en 6000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir, uns henni er fullnægt.

#### 46. gr.

Sá sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsg. 45. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakalegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt heldur en honum bar skylda til.

#### 47. gr.

Skattanefndarmönnum og yfirskattanefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að, sökum starfa síns, um efnahag skattþegna.

Sama gildir um þá, er veita kynnu nefndunum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

#### 48. gr.

Nú skorast einhver undan því að láta af hendi skýrslur þær, er í 32. gr. segir, og sker stjórnarráðið þá úr ágreiningi um það efni, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir uns skyldunni er fullnægt.

Nú hefir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum áður lögmæltur tími sje liðinn, þá varðar það sektum, alt að 100 kr., og getur stjórnarráðið auk þess skyldað þær til þess að ljúka við þau, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann í nefndinni, er eigi getur borið fyrir sig lögmætar afsakanir.

#### 49. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 45. gr. 1. málsg. og 47. gr. laga þessara skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 44. gr., 45. gr. 3. málsg. og 48. gr. segir, skulu sæta meðferð sem opinber lögreglumál. Refsimál, er fara skal með sem opinbert lögreglumál, skal eigi höfða nema sá, er hlut á að máli, skattanefnd, yfirskattanefnd eða stjórnarráð krefjist þess.

#### 50. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð, og má gera aðför til innheimtu þeirra.

V.

*Almenn ákvæði.*

51. gr.

Stjórnarráðið gefur út leiðbeiningar um skilning á lögum þessum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf skattanefnda. Enn fremur gerir það fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað rikissjóðs.

52. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka tekjuskatt um eitt ár í senn, með því að margfalda allar skattupphæðir með sömu tölu.

53. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinni lagður á árið 1922. Um leið og þau koma til framkvæmdar eru úr lögum numin lög 14. des. 1877, um tekjuskatt, lög 3. okt. 1903, um viðauka við tjeð lög, og lög 26. okt. 1917, um breyting á og viðauka við sömu lög.